

REYKJAVÍK Á REIKI

Höfuðstaðurinn færirst til

Í nýjasta Almanaki Háskóla Íslands og Þjóðvinafélagsins færir Þorsteinn Sæmundsson stjarnfræðingur fyrir því rök að hnattstaða Reykjavíkur í almanakinu sé ekki fullkomlega rétt.

Í Almanakinu hefur hnattstaða Reykjavíkur verið talin 64 gráður 08',4 norðlægrar breiddar og 21 gráða 55',8 vestlægrar lengdar. Á Skólavörðuholtinu, 35 metrum norðaustan við Leifsstyttna, er steinstólpi

sem danskir mælingamenn reistu sumarið 1900 þegar þeir gerðu þar nákvæmar stjörnufræðilegar hnattstöðumælingar. Þessi stólpi mun hafa verið eins konar hornsteinn í allri kortagerð af Íslandi næstu fimmtíu árin.

Niðurstaða mælinganna á Skólavörðuholtinu árið 1900 var sú að hnattstaða mælistaðarins væri 64 gráður 08'31",88 N og 21 gráða 55'51",15 V. Reiknað í tíundu hlutum úr

bogamínútu gefa þessar tölur hnattstöðuna 64 gráður 08',5 N og 21 gráðu 55',9 V sem eru ekki nákvæmlega sömu tölur og miðað hefur verið við. Þótt þessi munur sé lítil svarar hann til þess að viðmiðunarpunktur almanaksins sé um 250 metrum sunnan við mælistöpulinn við gatnamót Barónsstíg og Eiríksgötu.


En í grein Þorsteins Sæmundssonar í almanakinu er getið um fleira. Sumarið 1955 gerði danska landmælingastofnunin stjörnufræðilegar hnattstöðumælingar á sex stöðum á Íslandi. Með hliðsjón af landmælingum milli staða má draga þá ályktun að vestlæg lengd stöpsulsins á Skólavörðuholtinu hafi verið ofmetin um á að giska 13 bogasekúndur. Sé þetta rétt ályktað er staðsetning stöpsulsins og þar með Reykjavíkur 180 metrum austar en áður hefur verið talið. Viðmiðunarpunktur almanaksins er þá um 280 metra suðsuðvestan við stöpulinn, nálægt mótum Sjafnargötu og Mímisvegur. Til þess að geta með réttu sagt að stöpullinn á Skólavörðuholtinu sé viðmiðunin ætti hnattstaða Reykjavíkur að vera 64 gráður 08',5 N og 21 gráða 55',6 V.

Þorsteinn Sæmundsson sagði Morgunblaðsmanni að Reykvikingar hefðu ærna ástæðu til að heiðra og vernda þennan fasta punkt í tilveru borgarinnar. Hann vill að stölpinn verði friðaður og á hann settar merkingar þar sem vegfarendum verði gerð grein fyrir tilurð og þýðingu stölpans. Þorsteinn hefur haft samband við Ragnheiði H. Þórarinnadóttur borgarinnar og hefur málið hlotið góðar undirtektir.

Þorsteinn Sæmundsson vill friða 64 gráður 08',5 N og 21 gráðu 55',6 V.



Morgunblaðið/Árni Sæberg




Geographic. Þegar hann kynnti þessa vörpun fyrst 1963 var ég nemandi hans og hann sýndi stúdentum sínum hana. Robinson er einn þekktasti og virtasti landfræðiprófessor Bandaríkjanna og á þessari öld og frábær kennari í kortagerð.

Landfræði til öndvegis

Í fyrra varð Landfræðifélagið, *National Geographic*, hundrað ára og hélt m.a. upp á afmælið með því að gefa út nýtt heimskort. — En jafnframt lýsti félagið þeim ásetningi sínum að: „Verja verulegum fjármunum til að endurreisa landfræði í bandarískum kennslustofum. Í því átaki hafa kort og hnattlíkön úrslitapýðingu.“ — Og fyrir valinu varð kortvörpun Arthurs H. Robinsons. Félagsmönnum þykir lausn Robinsons vera besta málamiðlunin milli lögunar og flatarmáls, t.d. eru Sovétríkin og Kanada ekki jafn fyrirferðarmikil og áður var. Þess má geta að Ísland virðist nokkuð teygð frá austri til vesturs á hinu nýja korti félagsins.

Bandaríska vikuritíð *Time* gerði þessi tíðindi að umtalsefni 7. nóv-

Kringla heimsins samkvæmt hugmyndum norræna manna á 12. og 13. öld.



ember á síðasta ári. Tímaritinu þótti fræðsluáttak landfræðifélagsins í hæsta máta tímabært; nýleg Gallup-könnun sýndi að þrjár af hverjum tíu Bandaríkjamönnum þekktu ekki norður frá suðri á korti.

— En vikuritinu þykir ekki síður til um þá fregn að Sovétríkin séu „minni“ eftir en áður. Að visu að-

eins á korti. En á hinn bóginn er skynjun manna og tilfinning fyrir fjarlægum löndum æði oft háð landakortunum. *Time* telur að viðurkenning *National Geographic Society* geti haft verulegt fordæmisgildi í gerð ýmissa heimskorta. Ekki er ótrúlegt að mörgum Bandaríkjamönnum þyki nú „andstæðing-

urinn í austri“ ekki lengur jafn stór og ógnvænlegur.

Lítum niður á aðra

Sú hugmynd að jörðin sé hnöttótt er gömul og komin frá Forn-Grikkjum. En á miðöldum þóttust menn samt vita að hún væri flöt eins og pönnukaka. Það kom líka ágætlega heim og saman við „reynsluheim“ manna og kvenna. Sannkristnir menn vissu enn fremur að miðja veraldarinnar var í Jörsölum, þ.e.a.s. Jerúsalem.

En svo sættu menn sig að lokum við þá tilhugsun að jörðin væri kúla sem hægt væri að sigla umhverfis.

Með auknum siglingum á fimmtándu og sextándu öld og landafundum hljóp fjörkippur í kortagerð. Evrópubúar voru að uppgötva heiminn. Þeir fundu til „yfir“-burða sinna. Ein afleiðing þessa í kortagerð varð sú að Evrópa var og er á flestum heimskortum ofarlega fyrir miðju; við Norðurálfbúar getum því litið niður á önnur lönd og þjóðir.

Sumum kann að finnast þetta sjónarhorn ýta undir ranghugmyndir um yfirburði norðurhvelsins og einnig gefi miðlæg staða Evrópu ranga hugmynd um mikilvægi

þessa svæðis. Samt sem áður er næsta ólíklegt að þetta breytist. Rökin eru ekki einungis söguleg, heldur einnig hagnýt og fagurfræðileg.

Lengdarbaugar jarðarinnar voru merktir út frá Greenwich ekki fjarri London en af augljósum raunvindalegum ástæðum varð viðmiðunarlína breiddarbauganna, miðbaugurinn, að liggja miðja vega milli norður- og suðurpóls. Eins og kunnugt er skerast miðbaugurinn, 0-breiddarbaugur og 0-lengdarbaugurinn í Gíneuflóanum sunnan við Afríkuríkið Ghana og þar er alengt að hafa miðju heimskorta.

Ef sýna á hnattlaga jörð á sléttum fleti verður ekki hjá því komist að gera „uppskurð“. Á flestum heimskortum í dag er þetta gert eftir 180. lengdarbaug (alþjóðleg daglína) sem liggur nokkuð vestan við Beringssund. Þótt „smáhluti“ Sovétríkjanna sé sniðinn frá, er komist hjá því að brytja heilu meginlöndin í sundur.

National Geographic Society hefur umtalsverð áhrif á heimsmynd manna. Þó er líklegt að margir Íslendingar taki nýjasta staðalkorti félagsins með fyrirvara; sjávarkletturinn Rockall er þar talinn breskur.